

## Almennar upplýsingar

- 1. febrúar 2010 bárust EUF 39 umsóknir um styrki. Þar af 18 um frumkvæðisverkefni og 5 um Ungmennaskipti
- Umsóknarfrestir eru 5 sinnum á ári  
1. febrúar  
**1. apríl**  
1. júní  
1. september  
1. nóvember
- Næsti umsóknarfrestur er 1. apríl, fyrir verkefni sem hefjast frá 1. júlí til 30. nóv.
- Evrópa unga fólksins styrkir íslensk verkefni um rúmlega 1.000.000€ á ári
- Skrifstofa okkar er opin alla daga frá 9-16
- **Evróvísir** er vefgátt sem vísar þér á alla þá styrki sem standa þér til boða frá ESB, hvort sem það er til náms leiks eða starfs

## Á döfnni hjá EUF

- 11. mars verður opin kynning á starfsemi EUF í Húsi Fritímans á Sauðárkróki.
- 15.-19. mars verður SoHo námskeið á vegum EUF á Hótel Hamri, Borgarnesi.
- 15.-17. apríl verður afmælisfundur Evróvísis í Evrópu á Hótel Loftleiðum
- 24. og 25. apríl verður haldið Mentor námskeið í Reykjavík á vegum EUF

## Evrópa unga fólksins flytur í nýtt húsnæði

Daganna 12-15 mars mun skrifstofa UMFÍ og Evrópu unga fólks flytja í Sigtún 42 á 2.hæð.

Húsið er við hlið Ásmundarsafns vestan við Laugardalinn. Nýja húsnæðið er allt hið glæsilegasta og hlökkum við til að taka á móti ykkur þar.



## Við hjálpum þér að finna samstarfsaðila

Fyrsta skref í öllum fjölþjóðlegum samskiptum er að finna samstarfsaðila. Evrópa unga fólksins hjálpar öllum sem hafa áhuga á að sækja um fjölþjóðleg verkefni að finna samstarfsaðila. Á heimasíðu okkar er boðið upp á **þrjár leiðir** til að finna samstarfsaðila og er það almennt mun auðveldara en fólk heldur. (1)Þið getið skoðað þá fjölda hópa sem senda á okkur beiðni um samstarfsaðila, (2)Þið getið leitað í gegnum ýmsa gagnabanka samtaka og verkefna eða (3)Þið getið óskað eftir samstarfsaðila með þar til gerðu eyðublaði sem við sendum á tengiliði okkar í Evrópu - Kikið á **heimasíðu okkar** og finnið út hvað hentar ykkur best

## Námskeið - Ráðstefnur - Fundir (kostnaður þátttakenda 5.000kr.)

### ECTC - European Citizenship Training Course - Norður Írland

Hvenær: 14.-20. júní 2010, umsóknarfrestur: 04.04.2010

Efni/Þema: Að þjálfa þátttakendur í að nýta sér ungmennaáætlun ESB til að bæta æskulýðsstarf og samræma áherslu á evrópska borgaravítund alþjóðastarfi sínu

Fyrir hverja: Fólk sem starfar á vettvangi æskulýðsmála - **Skoða nánar**

### Creativity & Innovation in YiA - Portúgal

Hvenær: 31. maí - 04. júní 2010, umsóknarfrestur: 16. apríl 2010

Efni/Þema: Að hvetja til skapandi nálgunar í að nýta sér Evrópu unga fólksins. Skoðað verður allt ferli verkefna, frá undirbúningi til eftirfylgni, og leitað leiða til að auka áhrif og skilvirkni verkefna.

Fyrir hverja: Ungt fólk, verkefnastjóra og fólk sem starfar með ungmennum - **Skoða Nánar**

**Fleiri námskeið, ráðstefnur, fundir**

## Árleg og innlend forgangsatriði EUF

Árið 2010 er evrópskt ár baráttu gegn mismunun og fátækt og verður því lögð sérstök áhersla á að efla þátttöku fatlaðra ungmenna og ungs fólks með innflytjenda bakrunn. Einnig fá forgang verkefni sem miða að því að auka þátttöku atvinnulausra ungmenna í samfélaginu. Innlend forgangsatriði eru m.a. að lögð verði áhersla á jöfn réttindi allra ungmenna og mannréttindi yfirleitt og mannréttindafræðslu með efni bókarinnar **KOMPÁS**. Einnig verður lögð áhersla á stofnun og þróun ungmennaráða - **Nánar um forgangsatriði**

## Umsóknareyðublöð með leiðbeiningum

Á heimasíðu okkar má nú finna umsóknareyðublöð með nákvæmum leiðbeiningum bæði fyrir flokk 1.1. - ungmennaskipti og fyrir flokk 1.2 - frumkvæði ungs fólks. Mælum eindregið með þeim!